

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTAB

27. nóvember 2009



SYNGUR MEÐ SYSTEMUM SÍNUM

Dísella Lárusdóttir og systur
halda jólatónleika í Salnum



ROKKUÐ ÁHRIF Í TÍSKUNNI NÆSTA SUMAR + JÓL JÓLSSON MEÐ JÓLABALL
KEYPTU JÓLAFÖTIN Á NETINU + EIGHTIES-FÖRÐUN



TOSHIBA FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

Toshiba Sat L500-142

- 2.1GHz Intel Pentium Dual-Core T4300 - Centrino Duo
- 3GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 320GB harðdiskur
- 15,6" WXGA breiðskjár
- 512MB ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express skjákort
- Þráðlaust 802.11agn netkort
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari
- VGA vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium

Kr. 129.950

Fullt verð kr. 147.950



UPPFÆRSLA Í WINDOWS 7 - Kr. 9.950



SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 •
201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

núna

* nýtt og spennandi

ELSA MARÍA JAKOBSDÓTTIR SJÓNVARPSKONA

Á föstudagskvöld ætla ég að gleðjast með samstarfsfélögum á jólaglöggi RÚV og komast að því hver það er sem er búinn að vera að gleðja mig sem leynivínur minn alla vikuna. Laugardeginum skal svo varið í lágstemmdari samveru með góðu fólki og að koma upp léttari jólaskreytingum heima fyrir.



Hjaltalín og sokkamir

Sannkallað fár hefur orðið á Íslandi yfir nýjustu Hjaltalínplötunni sem kom út á Gogoyoko og á geisladiski í vikunni. Platan fékk 5 stjörnur frá Morgunblaðinu þar sem hljómsveitinni var lýst sem hinni nýju Sigur Rós.



Einn var þó blogginn á gogoyoko sem ekki hreifst af Hjaltalín. Sá var norskur og skildi eftir komment um að allt væri frábært sem frá Íslandi kæmi en að þessi Hjaltalíns hljómsveit væri að eyðileggja allan svelleika senunnar í Reykjavík. „Ég fann íslenskt band sem setur sokkana utan yfir gallabuxurnar sínar,“ bætti hann við. „Hvert einasta þeirra! Og þetta fólk er frá borginni ykkar, og á playlistanum ykkar!“

Danssýning um skít

Íslenski dansflokkurinn frumsýndi tvö verk á miðvikudaginn og var sýningin glæsileg að vanda.



Sérstaka athygli vakti síðari sýningin „Shit“ eftir Íslendinginn Kristján Ingimarsson. Kristján hefur verið búsettur í Danmörku undanfarin ár og vinnur sem sjálfstæður leikari þar úti. Sýningin Shit fjallar á hispurslausan og kómískan hátt um einhvers konar veröld klósettpappírsfólk sem svo uppgötvar eins konar upplýst hús eða göng þar sem skít rignir niður úr loftinu. Hugsu hver sitt um myndlíkingarnar í verkinu en það fékk mikið lófatak sýningagesta.

Hendrikka Waage efnir til skartgripasamkeppni:

VIL EFLA NÝSKÖPUN

Það hefur verið mikil gróska í skartgripahönnun undanfarin ár og ég vil endilega efla þá nýsköpun,“ segir Hendrikka Waage skartgripahönnuður, sem stendur fyrir skartgripasamkeppni ásamt Hönnunarmiðstöð Íslands. Keppnin er opin öllum og gengur út á að hanna skartgripasett, hálsmen, armband, eyrnalokka og hring. Sigurvegarinn hlýtur 500.000 krónur í verðlaun sem Hendrikka leggur til, auk þess sem sigurlínan verður markaðssett víðs vegar um heim undir merki Hendrikku Waage og vinningshafans.

„Þetta er erfiður bransi og það tekur mörg ár að skapa sér nafn. Mig langaði því að miðla af minni reynslu, hjálpa fólki að koma sér af stað og koma íslenskri list á framfæri hér á landi og erlendis,“ útskýrir Hendrikka. „Við erum að leitast eftir línu úr gulli eða silfri með zircon eða eðalsteinum, en

Ný barnalína Hendrikka sendir frá sér sína fyrstu barna-skartgripalínu í næstu viku en hluti söluágóðans mun renna til fjölfatlaðra barna á Íslandi.



steinarnir eru ekki skilyrði. Síðan veitum við einnig viðurkenningu fyrir frumlegasta kokkteilhringinn,“ bætur hún við.

Keppnin hófst á þriðjudaginn og rennur skilafrestur út föstudaginn 15. janúar, en úrslitin verða tilkynnt 29. janúar 2010. Dómnefndina skipar áhrifafólk í tísku og hönnun, en þar á meðal er Geofroy Medinger, forstjóri Van Cleef & Arpels í London, Louise Sherman frá Dargen't og Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður. Sjálf situr Hendrikka í dómnefndinni, en hún hefur í mörgu að snúast þessa dagana. Einar Bárðarson fékk hana til að hanna sérstaka víkingalínu sem er nú fánleg í Víkingaheimum í Reykjanesbæ auk þess sem ný lína er væntanleg frá Hendrikku í næstu viku. „Ég er að senda frá mér mína fyrstu skartgripalínu fyrir börn. Hún mun meðal annars fást í Leonard, en hluti söluágóðans rennur til fjölfatlaðra barna á Íslandi,“ segir Hendrikka.

Nánari upplýsingar um skartgripasamkeppnina má finna á honnunarmiðstöð.is. - ag



Eflir nýsköpun Hendrikka Waage vill hjálpa íslenskum skartgripahönnuðum að koma sér á framfæri hér á landi og erlendis með skartgripasamkeppninni.

Arnar, Aníka og Matti bjóða ykkur velkomin



Opið virka daga
9⁰⁰ - 18⁰⁰

Laugardag
9⁰⁰-13⁰⁰

SALON REYKJAVÍK

Sími: 568 5305 • Grandagarði 5


Fjöldi hljómsveita spilar á Broadway 18. desember:

Jólaball Jóla Jóls

FM Belfast, Feldberg, Oculus, B B & Blake, Gus Gus og Egill Sæbjörnsson eru einungis fáar af þeim hljómsveitum sem ætla að troða upp á jólaskemmtun Jóla Jólssonar á Broadway hinn 18. desember. Fjöldi dj-a verða einnig á staðnum – meira að segja inni á klósettunum, þar sem klósettískó verður í gangi. Þá verður jólahappdrætti og jafnvel má gera ráð fyrir snjókomu.

Jól Jólsson er hátíðarnafn viðburðafyrirtækisins Jóns Jónssonar. Einn forsprakka þess er hártæknirinn og geislasnúðurinn Jón Atli Helgason. „Okkur langar til að halda festival í alvöru jólaanda. Gera eitthvað virkilega fallegt fyrir jólin,“ segir Jón. „Um leið er þetta tveggja ára afmælishátíðin okkar.“

Veislan verður á Broadway, sem þeir Jónssynir kjósa að kalla Hótel Ísland eins og í gamla daga. Sviðin þrjú verða endurnefnd í tilefni af hátíðahöldunum; stóra sviðið hefur fengið nafnið Betlehem, Norðursalurinn heitir Jólaköttur-



Jól Jólsson Jón Atli Helgason er einn forsprakka Jól Jólssonar sem heldur fallest jólaball á Broadway 18. desember.

inn og Ásbyrgi fær nafnið Rómanskot. „Það verður mismunandi stemning á sviðunum þannig að allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi og flakkað á milli staða, í staðinn fyrir að standa úti í kuldanum.“ - hhs

* augnablikið



SAET Leikkonan unga, Dakota Fanning, sést hér á frumsýningu annars hluta Twilight-myndanna vinsælu, New Moon, í Hollywood.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsíðumynd Anton Brink Ritstjórn Anna M.Björnsson
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 Föstudagur Skafthlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

ÓDÝRU OG SKEMMTILEGH JÓLAGJAFIRNAR

Canon PowerShot A480

Notendavæn myndavél fyrir byrjendur

PowerShot A480 er ódýr, sniðug og skemmtileg myndavél með Canon tækni þannig að allir geta tekið frábærar 10 megapixla ljósmyndir. Fáanleg í fjórum litum. Nett og létt hönnun sem smellpassar í vasann.



- 10,0 megapixlar
- 3,3x optical aðdráttur
- 2,5" LCD skjár
- Sjálfvirk leiðrétting á rauðum augum
- Vídeóupptaka

Verð: 25.900 kr.

Sony DVD spilar

DVP-SR100

Fjölhæfur og flottur DVD spilar sem spilar nær allar gerðir diska og skráa. Horfðu á það sem þú vilt horfa á.

- Spilar meðal annars MP3, JPEG, Video CD og DivX
- Spilar allar helstu gerðir skrifanlegra DVD diska
- TV Virtual Surround
- Scart með RGB tengi
- Spilar öll kerfi (region free)



Verð: 15.990 kr.

Bose heyrnartól

Around-ear, in-ear og on-ear

Öflug heyrnartól sem skila topp hljómgæðum.

Verð frá 14.900 kr.



- 5 stök blekhyliki
- Sjálfvirk prentun báðum megin
- DVD/CD prentun
- Lágmarks rekstrarkostnaður með Canon
- Myndvinnsluhugbúnaður fylgir

Verð: 21.900 kr.

Canon Pixma IP4700

Hágæða Photo Paper Pro 2 ljósmyndapappír fylgir með

Pixma iP4700 er ofur A4 bleksprautuprentari sem skilar framúrskarandi ljósmyndagæðum og hraðvirkri skjalaprentun. Sá besti í ljósmynda- og skjalaprentun fyrir heimili.

Vivanco tölvuhátalarar

PRO SP60

Heyrðu í tölvunni þinni með þessum nettu tölvuhátölurum frá Vivanco.

Verð: 2.990 kr.



Sony Walkman

MP3 spilar

Frábær 2GB Walkman sem getur geymt allt að 500 lög. Þarf engan hugbúnað til að taka á móti tónlist.



- Geymir 500 lög
- Spilar MP3 og WMA skrár
- Rafhlaða endist í 16 klst í spilun

NW-ZB142B
Verð: 13.990 kr.

NW-ZB142FB (Innbyggt útlarp)
Verð: 14.990 kr.

Vivanco þráðlaus heyrnartól

FMH-6050



Sleppum snúrunum. Hlustaðu þráðlaust á tónlistina þína.

Verð: 8.990 kr.

Lítill minnislykill sem getur geymt heilmikið af gögnum.

Verð: 5.990 kr.



LEXAR 8GB minnislykill

Einnig fáanlegir allt að 64GB minnislyklar frá Lexar

Hjálpaðu Snjólfí að finna réttu jólagjafirnar á jolagjafalistinn.is - þú gætir unnið glæsilega vinninga!

© sense center og Sony Center í Kringlunni

tíska

* útlit og förðun

MASKARI Í STAÐ GERVIAUGNHÁRA? Bobbi Brown hefur sent frá sér nýjan maskara sem kallast Extreme party mascara. Hann hefur þann eiginleika að hægt er að byggja hann upp með mörgum umferðum yfir daginn, en þess á milli haldast augnhárin aðskilin og mjúk. Þú getur geymt gerviaugnhárin heima þegar maskarinn er annars vegar því með hverri umferð þykkjast augnhárin og verða meira áberandi, án þess að maskarinn klessist eða flagni af.



Stílhreint
Flottur hvítur jakki við mittis-háar svartar buxur.



Munstrað
Munstraðar buxur og skyrtur voru áberandi hjá Givenchy.



Rómantík
Riccardo Tisci hugaði að hverju smáatriði fyrir vor- og sumarlinu sína.



Töf Höfuðföt og upp-háir, þykkbotna skór voru áberandi á sýningu Givenchy í París.

Svart og hvít
Munstraðar leggingsbuxur og töff skyrtu úr sumar- og vorlinu Givenchy.

ROKKADIR TÍSKUSTRAUMAR

Það var fullt út úr dyrum á sýningu á vor- og sumarlinu Givenchy 2010 í París. Hönnun Riccardos Tisci vakti mikla athygli, en í vorlinu hans mátti sjá allt frá svarthvítum rokkuðum jökkum, kjólum og leggingsbuxum yfir í rómantíska blúndukjóra.

Riccardo Tisci er nú kominn í hóp eftirsóttustu hönnuðanna Parísar. Ólíkir straumar hans í væntanlegri vorlinu komu vel út og augljóst var að hugað var að hverju smáatriði.

- ag



Toni&Guy - Gjafasett
Sjampó, næring og mótunarefnið fylgir frítt með.

Jóla **tilboð**
kr. 3.266,-

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



Nýtt jólaútlit frá Mac

Snillingarnir í Mac hafa komið með partilegustu línu desembermánaðar í formi alls kyns augnskugga og kinnalita. Línan sem kallast Twinkle Twinkle Superstar einkennist af bleikum og fjólubláum tönum á augu og varir, rósráðum og gylltum tönum í kinnaliti og allt er þetta með sérlega fallegri glitrandi áferð sem er fullkomin í jólaboðin. Umbúðirnar utan um öll herlegheitin eru líka svo fallegar að þetta er kjörin gjöf í skóinn handa elskunni.

- amb



10.990,-



10.990,-

Rammar
20%
afsláttur



1.990,-

1.690,-



2.390,-

1.990,-



1.690,-

1.890,-



1.990,-



1.990,-



3.990,-



3.990,-



1.690,-



690,-



2.490,-

Kerti
20%
afsláttur



590,-



290,-



1.490,-



290,-



2.590,-



7.990,-



1.990,-



BADHÚSIÐ
Ef keyptar eru vörur fyrir 20.000,-
eða meira fæst gjafabréf upp á
5.000,- kr
í Baðhúsi Lindu P



Handklæði verð frá 1.190-3.490,-



1.290,-



1.190,-



1.490,-



1.890,-



790,-



690,-

the
PIER

kemur stöðugt á óvart ...



Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 // Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

HJÁTRÚARFULL OG ÖRLAGATÍ

Söngkonan **Dísella Lárusdóttir** hefur fengið lof fyrir frammi-stöðu sína í gamanóperunni Ástardrykknum. Í viðtali við Föstudag segir hún frá því hvernig örlögin hafa leitt hana inn í sönginn, út í hinn stóra heim og alla leið inn í Metropolitan-óperuna.

Viðtal: Hólmfríður H. Sigurðardóttir
Ljósmyndir: Anton Brink

Viðtökur á gamanóperunni Ástardrykknum í íslensku óperunni hafa farið fram úr öllum vonum aðstandenda. Gagnrýnendur hafa farið fögrum orðum um sýninguna og almenningi líkar hún sömuleiðis, enda hefur verið uppselt á allar sýningar og nokkrum aukasýningum verið bætt við. Ekki síst hefur Dísella Lárusdóttir vakið verðskuldaða athygli fyrir söng sinn og leik í óperunni.

APÓTEKARINN DÍSELLA

Dísella er með tónlistina í blóðinu. Hún er dóttir trompetleikarans Lárusar Sveinssonar og leikkonunnar Sigríðar Þorvaldsdóttur og eyddi mörgum æskustundum á æfingum með þeim, ýmist í Sinfóníunni eða í Þjóðleikhúsinu. Sjálf ætlaði hún sér hins vegar ekki að fara sömu braut og alls ekki í tónlistina. „Pabbi sagði alltaf við mig: „Hvað sem þú gerir Dísella skaltu ekki verða tónlistarmaður, það er svo mikil vinna.“ Þannig að ég ætlaði að verða apótekari þegar ég var lítil og síðan ætlaði ég í heimspeki og sálfræði í Háskólanum,“ segir Dísella. Það var þó einmitt pabbi hennar sem kveikti neistann í söngáhuganum. „Ég var undirleikari í kór sem hann stjórnaði, Reykjalundarkórnum. Oft söng ég með kórnum og þá sagði hann mér oft að ég hefði fína söngródd og ég ætti að fara í söngskóla. Í lok árs 1998 skráði hún sig því í sinn fyrsta söngtíma í Söngskólanum í Reykjavík. „Pabbi var svo ánægður með hvað mér gekk vel og hengdi einkunnirnar mínar



Dísella Fyrst ætlaði hún að verða apótekari þegar hún yrði stór. Örlítið eldri stefndi hún á heimspeki og sálfræði í Háskólanum. Örlögin höguðu því hins vegar þannig að hún lagði listina fyrir sig og fetaði þannig í fótspor foreldra sinna.

stoltur upp á ísskápinn. Ég held hann hafi innst inni viljað að ég yrði söngkona. Hann sagði oft að hann dáðist að söngvurum, því þeir bæru alltaf hljóðfærin með sér hvert sem þeir færu.“

KOMIN Á BROADWAY

Hún ætlaði nú samt ekki að taka Söngskólann neitt of alvarlega og hugsaði fyrst og fremst um að læra að syngja fyrir sjálfa sig. En þegar hún var nýbyrjuð að læra sá hún

auglýsingu í Mogganum sem kitlaði áhugann. Gunnar Þórðarson auglýsti eftir söngvurum fyrir sýningu á Broadway. „Ég hugsaði með mér að það yrði draumur að fá að vinna með honum. Svo komst ég

inn í sýninguna og uppgötvaði hvað það var rosalega gaman að syngja.“ Síðan hefur hún verið á kafi í söngnum. „Ég var bara allt í einu farin að vinna sem söngvari, nýbyrjuð í Söngskólanum. Á þessum tíma var ég samt alltaf að vinna sem poppsöngkona og ekki farin að hugsa um klassískan söng. En í kringum árið 2000 fór ég að gæla við þá hugsun að kannski gæti ég orðið óperusöngkona.“

ÖRLÖGIN GRÍPA INN

Eftir að hafa fengið smjörþefinn af söngnum og sýningunum komst ekki annað en söngur að hjá Dísellu. Úr varð að hún flutti til Princeton í New Jersey, þar sem hún lærði óperusöng. Fyrst reyndi hún hins vegar við söngskóla í Austurríki, þar sem hana langaði að læra í Evrópu. Örlögin gripu hins vegar í taumana að morgni inntökuprófsins. „Ég byrjaði á að hitta kennara um leið og ég kom út. Sá sagði mér að ég þyrfti engar áhyggjur að hafa, ég myndi fljúga í gegn. Þegar ég vaknaði um morguninn var ég alveg raddlaus. Ég held ég hafi fengið einhvers konar bráða frjókornaofnæmi, sem ég hef aldrei fundið fyrir, hvorki fyrr né síðar. Ég staulaðist í gegnum áheyrnarprufuna. Hún var alveg hræðileg og pínleg að hlusta á og auðvitað komst ég ekki inn.“

Hún var því heldur leið þegar hún sneri aftur frá Austurríki. En stuttu seinna bærust henni boð um að mæta á námskeið til bandaríska söngkennarans Lauru Brooks Rice sem hér var stödd. Hún sló til og leist svona vel á að hún fylgdi henni alla leið til Bandaríkjanna, þar sem nýtt inntökupróf beið við Westminster Choir College í Rider University. Í þetta sinn mætti hún með upptöku af sjálfri sér, ef ske kynni að röddin færi aftur. En hún gat vel sungið og flaug inn í skólann. Þaðan útskrifaðist hún árið 2005.

VILL BÚA Á ÍSLANDI

„Ég er bæði hjátrúarfull og örlagatrúar og er viss um að það hafi ekki verið nein tilviljun að ég fór til Bandaríkjanna,“ segir Dísella. Þar kynntist hún líka manninum sínum, píanóleikaranum Teddy Kernizan. Saman búa þau nú úti í Washington og eiga von á sínu fyrsta barni. Dísella er þó alltaf með annan fótinn heima á Íslandi

etanól eldstæði

Xamenia steel
Verð: 69.900 kr

Trento limestone
Verð: 89.900 kr

YLUR Etanól eldstæði
fyrir heimilið Glæsileg gjafavara

ármúla 38 - s 564 5700 - ylur.is

* bak við tjöldin



Uppáhaldslandið þitt:
Íslandið mitt góða.

Borg sem þig langar að heim-
sækja:
Auckland í Nýja-Sjálandi.

Hverjar eru fyrirmyndir þínar:
Elsku pabbi minn og mamma. Og
svo lít ég mikið upp til systra
minna!

Eftirlætis tónlistarmaður:

Úff, þeir eru nú marg-
ir. En það er nú samt
einn sem stand-
ur upp úr og hann
er reyndar ekki úr
klassíska tón-
listargeiran-
um; Bono!
Hann er
algjört
æðil!

Skemmtilegast að gera:

Leika við hundana mína, fara út að borða með
góðum vinum, fara á hestbak, lesa spennandi
bók...

En leiðinlegast:

Að vakna við vekjaraklukk!

Uppskrift að ljúfum laugar-
degi:

Vakna frekar snemma eftir
góðan nætursvefn, fara út
með hundana að hlaupa
og leika sér, fara svo
kannski á kaffihús og svo
heim að elda til veislu
fyrir góða vini. Svo
væri ekkert verra að
vinna í lottoinu líka?!



RÚAR

og vonast eftir að flytja hingað al-farið eftir nokkur ár. „Draumurinn minn er að búa hér, því Ísland er besta land í heimi. Mig langar að eiga heimili hér en ferðast til að syngja,“ segir Dísella, sem hefur ekki áhyggjur af því að manninum hennar eigi eftir að leiðast hér. „Nei, nei, hann er búinn að upplifa skammdegið og borða skötu á jóluunum. Hann veit alveg hvað Ísland getur boðið upp á.“ Hún segir þau bæði vilja að barnið þeirra alist upp á Íslandi. „Mér finnst ekki spennandi tilhugsun að barnið mitt geti ekki farið út að leika sér eftir skóla, án hræðslu við að einhver hætta bíði handan við hornið. Þar fyrir utan þykir mér óskaplega vænt um íslenska tungu og mig langar að börnin mín verði í íslenskum skóla.“

Í METROPOLITAN-ÓPERUNNI

Frá því að Dísella lauk námi hefur hún tekið að sér hin ýmsu sönghlutverk. Hún segir þetta sinn hafa haft rétt fyrir sér. Það sé mikil vinna að vera tónlistarmaður. Þá séu ýmis atriði í lífi söngvara sérstök. „Hversdagslegir hlutir, eins og að fá kvef eða vera þreyttur, geta skipt öllu máli í lífi söngvarans,“ segir hún. Hins vegar sé söngurinn hreinlega ávanabindandi og erfitt að slíta sig frá honum. „Þegar ég gaf mig söngnum á vald fann ég hvað ég þarf í raun mikið á því að halda að syngja og hvað það er mikil útrás. Hann gefur mér mikla lífsfyllingu.“

Hún hefur líka lifað þann draum sem margir söngvarar bera í brjósti – að vinna við Metropolitan-óperuna í New York. „Ég fékk póst frá einni af þeim sem sjá um allar ráðningar í Metropolitan, hvort ég væri ef til vill laus og hefði áhuga. Ég var nú ekki lengi að ákveða mig!“ Hún fékk því statistahlutverk í nútímaóperunni Satyagraha. Ekki kom þó til þess að söngkonan forfallaðist og Dísella fékk því ekki að stíga á sviðið frammi fyrir fjölda áhorfenda. Hún er engu að síður himinlifandi með reynsluna. „Þetta var stórkostleg reynsla. Ég mætti á allar æfingar og það var stórkostlegt að vinna í þessu umhverfi og með þessu mikla fagfólki. Ég þurfti alltaf að vera til taks og mátti ekki vera nema í kortersfjarlægð frá óperunni á meðan á sýningum stóð. Yfirleitt sat ég hins vegar inni í græna herberginu, leysti sudoku og hlustaði á.“



Draumurinn minn er að búa hér, því Ísland er besta land í heimi. Mig langar að eiga heimili hér en ferðast til að syngja.

SYSTURNAR KOMA SAMAN

Dísella á tvær eldri systur, þær Þórunni og Ingibjörgu. Allar eru fjölhæfar tónlistarkonur, syngja eins og englar og spila á ýmis hljóðfæri. Þær spila allar á trompet, eins og

Lárus pabbi þeirra, og komu oft fram með honum á meðan hann lifði. Lárus lést árið 2000 og skildi eftir sig stórt skarð í kvennahópnum sínum. „Hann var fullkomlega heilsuhraustur, hann pabbi.

Hann var bara að labba heim eftir kennslu einn daginn og datt niður. Ég man þegar ég kom að heim-sækja hann á spítalann. Hann lá þarna svo hraustlegur, sólbrúnn og flottur. Hann leit ekki út fyrir

að vera að fara neitt. En hann dó fimm dögum seinna.“

Systurnar heiðra reglulega minningu föður síns og koma reglulega saman og spila. Þær hafa meðal annars verið með skemmtisýningar á Nasa og gáfu út jóladisk árið 2004. Nú hafa systurnar aftur verið beðnar um að koma saman en þær verða með jólatónleika í Salnum í Kópavogi hinn 18. desember. Þar munu þær flytja fallega jólatónlist og sprella, eins og þeim einum er lagið.



Elfa Gísla

– og hinar sögurnar

Elfa Gísladóttir leikkona hefur sjaldan siglt lyngan sjó og stundum lent á milli tannanna á fólki. Hún er reynslunni ríkari og deilir með okkur sorgum sínum og sigrum. Tími uppgjors og sáttu er runninn upp og nú kemur fyrir almenningssjónir ævintýraleg og dramatísk saga Elfu þar sem engu er skotið undan.




www.salka.is



tíska

* heitt um hátíðarnar

VATNSHELDUR KREMAUGNSKUGGI Quick cream eye shadow er nýjung frá Clinique. Augnskugginn er í formi krems sem smitast ekki, þornar fljótt á augnlokunum og helst allan daginn. Formúlan inniheldur grunn úr sílikongeli sem gerir augnskuggann bæði auðveldan í notkun og vatnsheldan, en hann helst í allt að tíu klukkutíma. Augnskugginn kemur í sex litum, en hægt er að nota þá eina og sér eða sem grunn fyrir púðraugnskugga.



Eighties-förðun vinsæl

Sterkar varir og dökk augu fyrir veturinn

Niundi áratugurinn hefur notið mikilla vinsælda á ný, sérstaklega meðal menntaskólanema sem hafa verið iðnir við að halda „eighties“ böll í haust. Oft er þetta tímabil tengt við hallærislegan klæðnað, förðun og greiðslur en það var hins vegar ýmislegt flott í gangi sem má sækja innblástur til. Fatahönnuðir hafa til dæmis oft haft þröngu kjólana og rauða varalitinn í myndbandi við lagið Addicted to Love með Robert Palmer til hliðsjónar. Eighties-förðun kemur sterk inn í vetur en þar er um að ræða rauðan eða sterklítaðan varalit við dökk og mikið máluð augu við látlaut hár tekið aftur í tagl.

- amb

Förðun: Margrét með Make Up Store **Model:** Helga Gabriela **Augnskuggar:** Flamingo, Pink Metal, Dramatic, Muffin **Augnblyantur:** Invitation. **Varalitur:** Black Orchid **Varablyantur:** Jazz **Varagloss:** Spy **Kinnalitur:** Seashell

Gyllt glamúr Svöl gyllt peysa frá Luxe Groupie línunni í Top Shop.

Kynþokkafullt Undurfögur nærföt frá ítalska merkinu La Perla sem fást á net-a-porter.com

Tútt Flottur samfestingur með palliðttum sem er fullkomin í jólaboðin. Fæst á vefsíðu Top Shop.

Hjón Fallegur rauður hattur frá Eugenia Kim sem er í anda þriðja áratugarins. Fæst á net-a-porter.

Kauptu jólafötin í tölvunni:

HÁTÍSKA Á NETINU

Stundum virðist ekkert spennandi vera að fá í verslunum Reykjavíkur eða þá að allir eru komnir í sömu fötin. Frábært ráð við slíkra fatakrísu er að skella sér á veraldarvefinn með kreditkortíð og athuga hvað er í boði. Vefsíðan Net-a-porter (net-a-porter.com) býður til dæmis upp á stórkostlegt úrval af hátískufatnaði, allt frá skóm og töskum upp í gallabuxur og dýrindis partíkjóra. Ódýrari kostur er til dæmis Top Shop sem er með ótrúlega svalla línu sem nefnist Luxe Groupie og er fyrir allar rokkskvísur Reykjavíkur. (www.topshop.com) Þar er meðal annars að finna flotta leðurjakka og pelsa og flottar leðurbuxur.

- amb

Svart og hvítt Gullfalleg þrjónuð peysa úr kasmírull með svörtum kruga frá Pringle, fæst á net-a-porter.

Húðbarðamynstur Falleg partítaska frá bandaríska tiskumerkinu Halston. Fæst á net-a-porter.com

Svöl Þessi gúmmistígvél með keðjum eru fullkomin fyrir slabbíð í vetur. Frá Burberrys og fást á net-a-porter.com

Þröngur og sexi Ótrúlega flottur grár og stuttur kjóll frá Preen, fæst á net-a-porter.com

Flott stígvél Svona há og þröng stígvél eru heila málið í vetur. Þessi eru frá Top Shop og fást á Netinu.

Jólágleði

(ekki hlaðborð)

A la Carte

Þessi jól bíður Rauðará uppá nýjan og glæsilegan jólamatseðil. Börn undir tíu ára borða frítt.



Verið velkomin

Gledileg Jól

BORÐAPANTANIR Í SÍMA: 562 6766

RAUÐARÁSTÍG 37 WWW.RAUDARA.IS

RAUÐARÁ RESTAURANT



Fallegt Páfuglakjól í grænu og svörtu.

Stutt Dásamleg smáatriði í pilsí og peysu.

Framtíðin er björt hjá Proenza Schouler:

DÁSAMLEGIR LITIR OG TÖFFARALEG SÓGLERAUGU

Ein sú sýning sem mesta lukku vakti á tískuvíkunni í New York í haust var Proenza Schouler sem færði okkur súpersvalt sumar 2010. Þar gaf að líta dásamlega óhefðbundna vorliti eins og dimmblátt, flöskugrænt og fjólublátt sem minnti helst á páfugla en þó með skærgulum áherslum. Einnig var að finna klassískt svart og hvítt ásamt eitursvölum sógleraugum. Glamúr, litir og rokk og ról er greinilega útlitið þegar sólin fer aftur að hækka.

- amb



Svalur Svartur flauelskjól er óvenjulega töffaralegur fyrir sumarið.

Pallíettur Flott grænt pils við bláan topp.

KAREN MILLEN

JÓLASPRENGJA 30-70%

afsláttur af völdum
haustlínunum



KRINGLAN s. 533-1740 | SMÁRALIND s. 534-1740



Jólamatseðill



Heimalöguð marineruð síld
og heimalagaður grafinn lax

Heitt og kalt

Purusteik og kalkúnn með búrgúndarsósu,
sykurbrúnuðum kartöflum,
waldorfsalati og steinseljurótarmauki.

Verð kr, 5.900,-

Desert tvenna

Riz a la mande með kirsuberjum og frönsk
súkkulaðikaka með rjóma.



Geysir Bistro & Bar · Aðalstræti 2
Sími 517 4300 · www.geysirbistrobar.is

núna

herratískan



GLERAUGU Í MYRKRI The Cramps sungu um sólgleraugu eftir að það dimmir en það er ekki síður töff að ganga um með sólgleraugu í skammdeginu. Sólin er líka svo lágt á lofti að slíkt er nauðsynlegt í umferðinni. Hin klassísku Ray Ban-gleraugu eru alltaf svöl á bæði stráka og stelpur.



1

1 Brúna beltið er frá Kúltúrmenn. 2 Svarta peysan er frá SNS Herning og ég keypti hana í KronKron. 3 Ducatti-jakkann keypti ég í „biker“ búð í Berlín. 4 Rússkinsskórnir drapp-lituðu eru frá Timberland og ég keypti þá í Bandaríkjunum. 5 Lakkskórnir eru frá J.Lindenberger og eru frá Kúltúrmenn. 6 Hvítu kaðlapeysuna þrjónaði amma mín á mig og gallabuxurnar eru frá Cheap Mondays. 7 Svarti smókingjakkinn er frá Andersen og Lauth og gallabuxurnar eru Cheap Mondays. 8 Svarti rússkinnsjakinn er úr vintage-búð í Berlín. 9 Svarti nælonjakinn er frá Raf Simons og ég fékk hann í Belleville.

2



3



4

5

6



7



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Sigurður Möller Sívertssen, nemi og tónlistarmaður

FINN ÁHRIF FRÁ VINUM MÍNUM

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum? Breytilegur eftir árstíðum og straumum. Minimalískur, að einhverju leyti nútímalegur, tekur mark á hefðinni, stílhreinn og örlítið herra-mannslægur, þegar það á við.

Hverjar eru helstu tískufyrirmyndir þínar? Ég á mér engar ákveðnar fyrirmyndir. Finn áhrif frá vinum mínum. Einnig glugga ég í helstu tískublöð mánaðarlega. Þó er einn maður sem ég dáist að hvað varðar smekkvísi, hin ítalski Marcello Mastroianni.

Hver eru uppáhaldsfata-merkin þín? Raf Simons er minn uppáhalds fatahönnuður, án efa. Uppáhaldsmerki eru Raf Simons, Dior Homme, Jil Sander og Neil Barrett.

Hvar finnur þú falda fjársjóði? Ég er ekki mikill grúskari hvað varðar fatainnkaupin. Ég spila frekar öruggt, kaupi aðallega nýtt. Þó gerði ég góð kaup í Berlín fyrir nokkru. Þar fékk

ég lítið notuð Chelsea boots og gamlan rússkinnsjakka á spott-prís. Berlín klikkar ekki.

Eru einhver tískuslys í fataskápnunum þínum?

Það eina sem mér dettur í hug, svona í fljótubragði, eru svartar stuttbuxur með gegnsæju neti fyrir boss-anum. Netinu var ætlað að lofta út. Ég saumaði þessar buxur sjálfur á sínum tíma. Planið var að klæðast buxunum þegar spilað væri á trommur í langan tíma í senn, svo að afturendinn myndi ekki svitna um of. Slæm hugmynd.

Í hvaða borgum finnst þér skemmtilegast að versla? London, Berlín, Róm.

Hvað er alveg bannað í þínum bókuum? Stór og skrautleg jólabindi og of mikið hold. Svo má nefna gamla og ræfilslega íþróttaskó. Þeir geta ekki verið annað en subbulegir.

Hvaða flík eða hlut langar þig mest í fyrir veturinn? Klassísk átta gata stígel sem Raf Simons hannaði fyrir Dr. Martens og hlýja og netta leðurhanska.

- amb



8



9

Breyttu lífi þínu. Skelltu þér í nám í Háskólanum á Bifröst. Bifröst býður markvisst og hagnýtt háskólanám í fjölda greina, bæði í fjarnámi og á staðnum þar sem er að finna frábæra aðstöðu og góðan félagsskap. Þú getur leigt herbergi eða íbúð á hagstæðu verði – allt eftir því hvað hentar þér. Breyttu hugsun þinni um skólagöngu. Kennslan á Bifröst er persónuleg og mikil samvinna nemenda og kennara. Litlir og vel skipulagðir verkefna- hópar tryggja að allir fái stuðning og hvatningu. Þessar aðferðir eru meginástæða þess að brottfall úr háskólanámi er minna á Bifröst en annars staðar. Breyttu framtíðar möguleikum þínum. Háskólinn á Bifröst er nátengdur atvinnulífinu. Reynslan sýnir að flestir útskriftarnemar frá Bifröst eru fljótir að fá vinnu og fá bestu meðmæli vinnuveitenda.

Taktu skrefið inn í framtíðina í Háskólanum á Bifröst. Við tökum inn nemendur um áramótin. [Sæktu um í dag á bifrost.is](http://bifrost.is).




HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Raffaella Manna, plötusnúður og nemi



Að liggja í rúminu til hádegis og horfa á heimsfréttirnar.



Finna nýja tónlist til að hlusta á og drekka góðan kaldan bjór.

2



Elda mikinn og góðan mat fyrir vini mína.

3

Skemmta mér með góðu fólki og með góðri tónlist.



4



Horfa á sólina rísa á meðan ég geng heim.

5

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

59%


Lesna bara Fréttablaðið

8,8%

Lesna bara Morgunblaðið

32,2%

Lesna bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið



Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Heimild: Blaðakannanir Capacent maí-okt 2009.



Allt sem þú þarft...

5125050

Auglýsingasími



- Mest lesið